

Alþingi  
Eriundi nr. P 125/1402  
komudagur 3.4.2000

Aðalheiður Jóhannsdóttir  
15:08  
00-03-31

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík


Sent með rafpósti og pósi

Uppsölum, 31. mars 2000

Vísað er til símafundar í gær um umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og samtals við formann umhverfisnefndar í morgun.

Í framhaldi af ofangreindu sendi ég inn viðbótarumsögn við frumvarpið sem fylgir með bréfi þessu.

Virðingarfyllst,



Aðalheiður Jóhannsdóttir  
lögfræðingur

Eftir nánari skoðun er ég sannfærð um að gera verði veigamiklar breytingar á frumvarpinu og vísa sérstaklega til þess sem segir á bls. 3-4 og 7 í umsögn minni frá 16. mars sl. þar sem ég færi rök fyrir þeim og ég tel alvarlegan miskilning vera á ferðinni. Ég bið umhverfisnefnd einnig að skoða alveg sérstaklega það sem segir í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 85/337/EBE eins og henni var breytt með 7. gr. tilskipunar 97/11/EB. Þar segir orðrétt:

“Member States shall take the necessary measures to ensure that, if the developer so requests before submitting an application for development consent, the competent authority shall give an opinion on the information to be supplied by the developer in accordance with paragraph 1. The competent authority...” Með öðrum orðum framkvæmdaraðili getur, ég endurtek, getur, honum er það ekki skylt, lagt mat á umhverfisáhrifum inn til viðkomandi yfirvalda til þess að fá álit þeirra áður en hann sækir um leyfi til framkvæmda (development consent). Samkvæmt gildandi lögum á Íslandi og í frumvarpinu er honum gert skylt að leggja inn matið til Skipulagsstofnunar og stofnunin kveður upp úrskurð í samræmi við 11. gr. frumvarpsins og getur komið í veg fyrir framkvæmdina! Síðan segir í 10. gr. tilskipunar 97/11/EB sem breytir 8. gr. tilskipunar 85/337/EBE: “The results of consultations and the information gathered pursuant to Articles 5, 6 and 7 must be taken into consideration in the development consent procedure”. Með öðrum orðum framkvæmdarleyfið og málsmeðferðin sem útgáfa þess á að fylgja á að byggja m.a. á upplýsingunum sem koma fram í mati á umhverfisáhrifum. Síðan segir í 11. gr. tilskipunar 97/11/EB sem breytir 9. gr. tilskipunar 85/337/EBE: “1. When a decision to grant or refuse development consent has been taken, the competent authority or authorities shall inform the public thereof in accordance with the appropriate procedures and shall make available to the public the following information:  
-the content of the decision and any conditions attached thereto,  
-the main reasons and considerations on which the decision is based,  
-a description, where necessary, of the main measures to avoid, reduce and, if possible, offset the major adverse effects. ...”

Með öðrum orðum yfirvöld eiga að kynna almenningi framkvæmdarleyfið, innihald þess o.s.frv. Hér er ekki vísað til mats á umhverfisáhrifum eins og sér.

Ég tel að það hreinlega vanti að útfæra allt um framkvæmdarleyfi (development consent) og málsmeðferð því tengda í frumvarpinu til þess að

geta uppfyllt ofangreinda skyldu. Að vísu kunna að leynast ákvæði, t.d. í reglugerðum settum samkvæmt lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem taka að hluta til á þessu. Ég tel að auglýsing á niðurstöu mats á umhverfisáhrifum geti ekki komið hér í staðin þar sem Skipulagsstofnun er ekki leyfisveitandi framkvæmda og gefur ekki út nein slík leyfi og sjálft framkvæmdarleyfið liggur ekki fyrir, a.m.k. ekki oft, þegar niðurstaða mats á umhverfisáhrifum er auglýst.

Það er skoðun mín að um mjög alvarlegan galla sé að ræða í frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum sem verði að laga. Sá milliventill sem Skipulagsstofnun er, bæði samkvæmt gildandi lögum og í frumvarpinu á sér varla nokkra hliðstæðu og byggir á misskilningi og ákvæði sem samsvarar 11. gr. tilskipunar 97/11/EB sem breytir 9. gr. tilskipunar 85/337/EBE vantar hreinlega í frumvarpið. Ég bendi einnig á það sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 27 en nefndin virðist hafa gert sér grein fyrir vandamálinu en skilur samt eftir allt sem varðar framkvæmdarleyfi og breytir ekki hlutverki Skipulagsstofnunar.

Ég vil einnig ítreka að það er ekki alls kostar rétt sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu á bls. 17 um að ríki sé í sjálfsvald sett hvort þau vilja gera ríkari kröfur en þær sem setar eru fram í tilskipuninni og bendi á það sem ég segi á bls. 2 í fyrri umsögn og 75. gr. EES-samningsins. Ég tel að frumvarpið, sérstaklega 11. gr. þessi, geti haft það í för með sér að samkeppnisstaðan sé skert á EES-svæðinu, m.a. vegna þess kostnaðar sem matsferilinn hefur í för með sér hjá Skipulagsstofnun og vegna þess tíma sem matsferilinn tekur.

Loks vil ég ítreka að e.t.v. er það misskilin umhverfisvernd að hafa lögin þannig úr garði gerð að framkvæmd þeirra geti stuðlað að því að reynt sé að halda því fram að framkvæmdir hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif vegna hræðslu við kerfið og e.t.v. eru mikilvægar upplýsingar einfaldlega ekki gerðar opinberar vegna þessa.

